


## Ídeal göngu grind frá Meyra Ortopedia

Leiðbeiningar um notkun




**Vörunúmer: ORT-3061982**

Lengd :	57 cm
Breidd:	59 cm
	79-97
Hæðarstilling:	cm
Setbreidd:	39 cm
Sethæð:	62 cm
Stærð samanbrotin:	27x59x85 cm
Þyngd:	11,9 kg
Burðarþyngd:	130 kg
Litur:	silfurlit
Dekk:	8" hörð




Karfa, bakki og stafahaldari fylgja grindinni. Hægt er að leggja grindina saman. Bremsur er þægilegar og auðvelt að ýta þeim niður. Hægt er að fá aukahlut á grindina til dæmis bakstuðning.



### Hlutilisti:

- 1 Sæti
- 2 Bremsur
- 3 Snerill til að stilla hæð á handföngum
- 4 Afturhjól með bremsum
- 5 Framhjól (sveifluhjól)
- 6 Grind
- 7 Fellivörn (til að leggja grindina saman)
- 8 Þverslá



### Samsetning:

- 1 Fjarlægðu gúmmítappana og settu handfangsrörin minnst 10 cm ofan í grindarrörin
- 2 Festu snerilinn (3)
- 3 Með því að toga í afturhjólastöng og ýta þverslánni (8) að neðri hluta ferhyrndu festingarinnar (úr svörtu plasti) er göngugrindin tilbúin til notkunar.




### Að opna grindina:

- 1 Ýttu þverstönginni niður til þess að opna grindina
- 2 Það á að smella í fellivörninni þannig að grindin sé stöðug


### Að leggja grindina saman:

- 1 Taktu innkaupakörfuna og bakkann af
- 2 Losaðu bremsur (2)
- 3 Losaðu öryggisfestingu (7)
- 4 Togaðu þverslána (8)



### Handföng:

- 1 Losaðu snerilinn sem festir handfangið með því að snúa til vinstri (rangsælis)
- 2 Settu handfangið í þá hæð sem hentar og festu snerilinn með því að snúa til hægri (réttisælis). Rörið þarf að ganga ofaní að minnsta kosti 10 cm
- 3 Mikilvægt er að stilla handföngin í rétta hæð fyrir notandann. Það er mælt með því að stilla handföngin í únlíðshæð þegar þú stendur bein/beinn með handleggi slaka niður með hliðum
- 4 Stilltu bæði handföngin í nákvæmlega sömu hæð



## Bakki:

Bakkinn er til þess að flytja eða geyma smáhluti. Tappar neðan á bakkanum falla í göt á sætinu. *Athugaðu að ekki má setja heita hluti á bakkann eða of þunga eða beitta hluti.*

## Karfa:

Karfan er hengd á þverslána fyrir neðan sætið og snýr framávið. *Ekki má setja meiri þyngd en 5 kg í körfuna.*

## Sætið:

***Áður en þú sest skaltu aka grindinni á láréttan flöt og setja hana í bremsu báðum megin.*** Þyngdin á að koma beint niður á sætið.

## Umhirða og viðhald:

Prífdú grindina með rökum klút og mildu hreinsiefni (uppvottalegi). Þurkaðu vel á eftir. Gættu þess að ekki sitji bleyta eða sápulögur eftir í rörunum. Prífdú reglulega hár og óhreinindi sem vilja festast við hjólin.

## Öryggisatriði:

- 1 Notaðu Ideal göngugrindina alltaf alveg opna
- 2 Fyrir notkun þarf að ganga úr skugga um að festingar á handföngum séu vel hertar
- 3 og að handföng vísi aftur og séu í réttri hæð
- 3 Notaðu Ideal grindina aðeins á sléttum fleti, ekki í þrepum, grýttri götu eða í miklum bratta
- 4 Notaðu alltaf báðar bremsurnar saman
- 5 Gættu þess að ef þú ferð með grindina í hálku eða í snjó þá er minna gagn af bremsunum
- 6 Hámarks þyngd á farangri er 5 kg á bakka eða í körfu
- 7 Aldrei skaltu styðja þig við bremsurnar heldur nota handföngin

Framleiðandi: Meyra Ortopedia [www.meyra.de](http://www.meyra.de)

Seljandi: Eirberg ehf, Stórhöfða 25, 110 Reykjavík. Verslun opin alla virka daga kl. 9-18. Sími 569 3100.



Eirberg

[www.eirberg.is](http://www.eirberg.is)

